

Aðalfundur Solid Clouds hf. 30. apríl 2024

Boðað er til aðalfundur í Solid Clouds hf. Í höfuðstöðvum félagsins, Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi, þriðjudaginn 30. apríl 2024, kl. 16:00.

Dagskrá fundarins:

- Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda þess til samþykktar
- Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári og ákvörðun um arðgreiðslur
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
- Kjör endurskoðanda félagsins
- Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins
- Starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin
 - Tillaga stjórnar um breytingu á 8. gr. samþykktar félagsins
 - Tillaga stjórnar um að félagið fái heimild til að kaupa eigin hluti
 - Kynning á framþróun nýjasta leik félagsins, Starborne Frontiers

Dagskrá fundarins og fundargögn, eru aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/agm2024>. Tillögur fyrir aðalfund eru viðhengi með fundarboði þessu.

Hluthafi og umboðsmaður hans getur skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá og með kl. 15:30 á fundardegi. Einnig er unnt að forskrá sig til kl. 14:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu á netfangið investors@solidclouds.com. Umboðsmaður sem hyggst skrá sig með tölvupósti þarf að framvísa undirrituðu umboði og útfylla umboðseyðublað og senda á sama netfang.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthafa gefst kostur á að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd enda framvísi umboðsmaður undirrituðu umboði frá hluthafa, sbr. framangreint.

Til þess að tillaga frá hluthafa, sem leggja á fyrir fundinn, verði tekin þar til umræðu verður að skila tillögunni til stjórnar félagsins á netfangið investors@solidclouds.com í síðasta lagi fimm dögum fyrir fundinn.

Að lokinni dagskrá fundarins verður boðið upp á léttar veitingar í húsakynnum Solid Clouds hf.

Seltjarnarnes, 15. apríl 2024
F.h. stjórnar Solid Clouds hf.
Sigurlína Ingvarsdóttir
stjórnarformaður

Fréttatilkynning
15 April 2024 20:00:00 GMT



Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson

stefanbjo@solidclouds.com

Viðhengi

[Aðalfundur Solid Clouds hf. 30. apríl 2024](#)

[Aðalfundarboð Solid Clouds Hf Fyrir Árið 2024](#)